



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

8. árgangur 2. tbl.

Febrúar 2011

GAUKSSAGA.

Það hefur lengi verið draumur heimamanna í Skeiða- og Gnúpverjahreppi að til yrði leikverk um Gauk Trandilsson á Stöng og örlagasögu hans. Vilborg Halldórsdóttir leikkona úr Reykjavík hefur samið leikverkið GAUKSSÖGU. Leikdeild Ungmennafélags Gnúpverja ásamt Ásborgu Arnþórsdóttur ferðamálafulltrúa hittust 20. janúar sl. og gerðu samning við Vilborgu um að hún leikstýri verkinu. Búið er að skipa í hlutverk GAUKSSÖGU og hittust leikarar á samlestri fyrir jól. Æft er nú af kappi og frumsýnt verður

26. mars í Árnesi kl. 20:00.



Leikdeild Ungmennafélags Gnúpverja, skipa þau f.v. Þóra Þórarinsdóttir, Haga 2, Eyþór Brynjólfsson, Hamragerði 2, og Sigrún Bjarnadóttir, Fossnesi og með þeim er Vilborg Halldórsdóttir, leikkona. Ljósm.Ásborg Arnþ.



Dag leikskólans 6. febrúar bar þetta árið upp á sunnudag og var því ákveðið að halda upp á hann föstudaginn 4. febrúar. Starfsfólk og börn Leikholts buðu foreldrum og öðrum áhugasömum á opið hús kl. 9:30- 11:30. Útbúin var ævintýraveröld með ýmsum leikstöðvum í sal og búningaaðstöðu hússins. Skapaðist þar góð stemming og allir skemmtu sér konunglega ekki síst börnin í fyrsta bekk grunnskólans sem var boðið sérstaklega. Myndirnar segja kannski meira en mörg orð.

Bestu kveðjur. Börn og starfsfólk Leikholts.



Allt á kafi í snjó!!



Hrafnkell Flóki og Elín Ásta undirbúa kaffiboð.



Hvað er hér að gerast ? Þrándur spyr.



Gaman, gaman, og komnir gestir!

Grímur Freyr

og

Sóldís Dúna



Arndís Lilja í smá hvíld og Dalrós Jóna fylgist með.

Skíðaferð

Nemendur í 4.-7. bekk Þjórsárskóla fóru í skíðaferð til Bláfjalla. Fyrri dagurinn var yndislegur dagur fyrir skíða- og brettanám.

Það var passlega kalt, sól og nánast logn allan daginn. Snjórinn var eins og best verður á kosið. Hann var léttur og mjúkur sem var mjög gott því margir voru að stíga sín fyrstu skref á bretti eða skíði og því voru margar bylturnar. Starfsmenn svæðisins voru hjálplegir í alla staði og þolinmóðir að aðstoða byrjendur í lyftur. Við vorum einu gestirnir til að byrja með en það breyttist upp úr hádegi og var margmenni fram til lokunar kl. 21:00. Hjá okkur var þá kvöldmat og mjólk og kaka í eftirmat. Þetta voru þreytt börn sem sátu að snæðingi þetta kvöld. Eftir kvöldmat var spilað og horft á sjónvarp þangað til allir voru komnir í háttinn um kl. 23. Gist var í skála Breiðabliks þar sem öll aðstaða er

frábær. Daginn eftir var farið út og leikið og rennt í stuttan tíma áður en öllum búnaði var skilað, því þá var farið að hvesa og engar lyftur opnar. Lagt var af stað heim um kl. 11. Margir foreldrar voru með og voru tveir nemendur á hvern fullorðinn þegar flestir voru. Það er frábær þátttaka og kunnum við ykkur foreldrum bestu þakkir fyrir. Það má skoða myndir úr ferðinni á heimasíðu skólans www.thjorsarskoli.is



Slakað á í lok dags.

Á döfinni

Vetrarfrí og starfsdagur 14.-16. febrúar. Kennsla hefst aftur fimmtudaginn 17. febrúar. Danskur farandkennari í Þjórsárskóla vikuna 21.-25. febrúar. Þá verður danskt þema í gangi í öllum hópum. Skógardagur 24. febrúar. Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekk verður haldin í skólanum um mánaðarmótin og lokahátíðin verður síðan 16. mars að Borg í Grímsnesi.



Sigga Lára í stökkpöllum.

Framhald á næstu síðu...

Tvöfaldur dagur hjá 1.-3. bekk

Yngri nemendur voru í skólanum s.l. þriðjudag og áttu þá að vera tvöfaldan skóladag til að ná tilskildum skóladögum á árinu. Kennt var samkvæmt stunda-töflu fyrir hádegi. Svo var dagurinn hafður „öðruvísi“ til að efla fjölbreytni. Skipt var í þrjá hópa. Einn hópur var að baka og undirbúa kaffitíma, annar hópur útbjó leikmynd og persónur í skuggaleikhús og sá þriðji undirbjó spurningar og þrautir í anda útsvars. Hver hópur bauð upp á sitt, þannig var hressing í boði fyrsta hóps, leiksýning í boði annars og spurningakeppni í boði þriðja. Nemendur skemmtu sér vel og var mikið fjör. Í lok dags var bíósýning með poppi og gosi. Þrátt fyrir að skóladegi lyki ekki fyrr en kl. 18:00 þá vildu sumir verða eftir og fara í skóla-vistun.



Besta kveðja. Ingibjörg María.



Lesarar í skuggaleikhúsi.



Spurningakeppnin í fullum gangi.



Dómarar í spurningakeppni ... og svo bíómynd!

Til sölu.

Hef til sölu Kaffivél sem heitir “Espresso”
og er eins bolla vél.

Það fylgja henni margar tegundir
af kaffi og kakóvél.

Fleiri upplýsingar í síma 893-6031.

Flúða Taxi



Sími 893 1462


Vöndull
FLUTNINGAÞJÓNUSTA
Sími 856 1580

VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í
ÁRNESSÝSLU.


VÖRUFLOTNINGASTÖÐIN

Brottför frá Reykjavík, Héðinsgata 1-3
sími: 533 2211.

Mánudaga til föstudaga **kl. 13:00**
Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og Byko **kl. 14:00.**
Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma:
856 1580 Unnar - 856 1581 Stefán

Heilsugæslan í Laugarási sími 480-5300

Sími í neyðartilvikum 892- 8804

Apótekið opið mán. - fös. 09:00 - 17:00 S. 486-8655

Söngskemmtun á Flúðum
laugardagskvöldið 19. febrúar kl. 20:30
í Félagsheimili Hrunamanna

Fram koma
Vörðukórinn

Söngsveit Hveragerðis
Karлакór Hreppamanna
Aðgangseyrir 2.000 krónur.

Sunnulenskt konfekt fyrir eyru og augu ☺
Karлакór Hreppamanna

Vetraropnun sundlauga í
Skeiða- og Gnúpverjahreppi
Skeiðalaug s: 486 5500 - Neslaug s: 486 6117

Skeiðalaug

Mánudaga:	lokað
Þriðjudaga:	17 – 21
Miðvikudaga:	lokað
Fimmtudaga:	17 – 21
Föstudaga:	lokað
Laugardaga:	13 – 17
Sunnudaga:	lokað

Neslaug

17 – 21
lokað
17 – 21
lokað
lokað
13 – 17
lokað

Hætt er að selja inn hálf tíma fyrir lokun !

Viola Snyrtistofa á Flúðum

Högnastíg 1

Eftirfarandi meðferðir eru í boði:

Andlitsböð
Húðhreinsun
Litun og plökkun
Fótsnyrting
Vaxmeðferð



Hef til sölu húðvörur fyrir bæði
dömur og herra frá **GUINOT**
Tímapantanir í síma
856-1599

Við spilum körfubolta öll fimmtudagskvöld í Árnosi kl. 20:30. UMFG



Menningarráð Suðurlands auglýsir eftir umsóknum um styrki!

Einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög á Suðurlandi geta sótt um styrki en skilyrði er að umsækjendur sýni fram á mótframlag. Heimilt er að sækja um styrk til verkefna sem umsækjandi er þegar byrjaður að vinna í.

Menningarráð Suðurlands hefur ákveðið að árið 2011 hafi þau verkefni forgang sem uppfylla eitt eða fleiri eftirtalinna atriða:

- *Samstarf milli tveggja eða fleiri aðila, byggðarlaga eða listgreina og uppsetning viðburða á fleiri en einum stað.*
- *Verkefni sem efla nýsköpun tengd menningu.*
- *Verkefni sem stuðla beint að fjölgun atvinnutækifæra.*
- *Verkefni sem styðja við menningartengda ferðaþjónustu.*
- *Verkefni sem draga fram staðbundin eða svæðisbundin menningareinkenni eða menningararf.*

Menningarráðið mun hvorki veita rekstrar-, stofnkostnaðar- né endurbótastyrki. Ekki verður heldur styrkt skráning á menningarminjum, starfsemi íþróttafélaga, bæjarhátíðir, almennar samkomur, safnaðarstarf og hefðbundið menningarstarf innan skóla.

Umsóknarfrestur er til og með 18. mars 2011.

Ætlunin er að tilkynna um úthlutun í apríl 2011.


Fyrirvari er gerður um undirritun nýs menningarsamnings við ríkið fyrir þann tíma.

Umsóknum skal skilað til Menningarráðs Suðurlands á þar til gerðum eyðublöðum sem hægt er að nálgast á heimasíðu Menningarráðs www.sunnanmenning.is. Allar nánari upplýsingar veitir Dorothee Lubecki, menningarfulltrúi Suðurlands, í síma 480-8207, 896-7511 eða með tölvupósti menning@sudurland.is. **Menningarfulltrúi verður til viðtals í öllum sveitarfélögum.**

Umsóknir skal senda, í tölvupósti á
eða í ábyrgðarpósti, til

Menningarráðs Suðurlands,
Austurvegi 56, 800 Selfoss.

menning@sudurland.is



Fréttir frá Körfuboltadeild UMFH



Þann 2. janúar sl. fór fram árleg firmakeppni körfuknattleiksdeildar UMFH. Þátttaka var mjög góð og hefur sjaldan eða aldrei verið betri. Það voru í kringum 40 fyrirtæki eða einstaklingar sem styrktu keppnina að þessu sinni. Keppendur voru á bilinu 60-70 og var gleðin í fyrirrúmi þó svo að keppnisandinn hafi einnig verið mikill.

Keppni hófst um morguninn í minniboltanum. Þar voru mætt 4 strákalið og 2 stúlkalið. Eftir skemmtilega keppni var það lið sem keppti fyrir hönd Ragnars Magnússonar í Birtingaholti sem hafði sigur. Í liði Ragnars voru þeir Anton og Hannibal Óskarssynir, Filip Jozefik og Orri Ellertsson. Í stúlknaflöknum var það lið sem keppti fyrir hönd Leikskólans Undralands á Flúðum sem stóð uppi sem sigurvegari. Í því liði voru þær Þórdís Jóna Kristjánsdóttir, Ragnheiður Björk Einarsdóttir, Hrafnís Katla Elíasdóttir, Anita Víðisdóttir og Birgit Ósk Snorraddóttir.

Eftir hádegi fór fram keppni í fullorðinsfloknum. 8 karlalið voru mætt til leiks og 3 kvennalið. Eftir mjög fjöruga keppni stóð Berghylsbúið upp sem sigurvegari í karlaflokki en fyrir það lið kepptu systkinin í Þrándarholti, Arnór, Ingvar og Dóra Björk Þrándarbörn, ásamt þeim Atla Erni Gunnarsyni frá Túnsbergi og Jóni Einari Valdimarssyni frá Stóra-Núpi. Í kvennaflokki var það lið Grafarhesta sem sigraði. Fyrir Grafarhesta kepptu þær systur Rakel og Andrea Úlfhéðinsdætur frá Haga, Margrét Arnarsdóttir frá Gunnbjarnarholti, Hildur Birna Vignisdóttir frá Brautarholti, Sólveig Arna Einarsdóttir frá Miðfelli og Karen Munda Jónsdóttir frá Flúðum.

Meistarar í firmakeppninni:

Strákar 11 ára og yngri: Ragnar Magnússon, Birtingarholti

Stelpur 11 ára og yngri: Leikskólinn Undraland, Flúðum

Strákar 12 ára og eldri: Berghylsbúið

Stelpur 12 ára og eldri: Grafarhestar

Við þökkum þeim einstaklingum og fyrirtækjum sem styrktu keppnina í ár kærlega fyrir stuðninginn.



Þeir sem styrktu keppnina voru:

Agnar Ísabakka
Auðsholtsbúið
Berghylsbúið
Bryðjuholtsbullurnar
Eiríkur Þorgeirsson
Ferðapjónustan Syðra-
Langholti
Félagsheimili Hrunamanna
Fjósbúið Túnsbergi
Flúðafiskur
Flúðaleið
Flúðaskóli
Fögrusteinar
Garðyrkjustöðin Melar
Garðyrkjustöðin Reykjaflöt
Grafarhestar
Gröfutækni
Heimir Málari
Hestaleigan Syðra-Langholti
Hitaveita Flúða

Hjálmur Pétursson
Hótel Flúðir
Hrossaræktarbúið Blesastöðum
Hrunamannahreppur
Íþróttahúsið Flúðum
Jóhannes Sigmundsson
Landstólpi
Leikskólinn Undraland
Nesey
Pizza Islandia
Ragnar Magnússon Birtingarholti
Reykás
S.R. grænmeti
Sauðfjárnabúið Syðra-Langholti
Skiopholtsbúið
Sundlaugin Flúðum
Útlagin
Varmalækur
Vatnsveita Flúða
Þrándarholtsbræður

Körfuboltakveðja Stjórnin

**Viðvera Menningarfulltrúa Suðurlands, Dorothee Lubecki,
í Uppsveitum Árnessýslu.**

Mánudagur 7. 3.

kl. 14:00-16:00 Bláskógabyggð

Þriðjudagur 15.3.

kl. 9:30-11.30 Hrunamannahreppur

Mánudagur 14.3.


kl. 11:00-13:00 Grímsnes og
Grafningshreppur

kl. 12.30-14:00 Skeiða og Gnúpverjahreppur



Blak - Blak- Blak - í Árnesei!

Við stelpurnar spilum blak í Árnesei á
þriðjudagskvöldum kl. 20:30. Komið með.



Bara mæta og alltaf gaman 😊

Lilja 847-8162 / Svala 869-6692

Kæru sveitungar!

Þann 12. mars n.k. verður **Hjónaballið**
haldið í Brautarholti.

Dagskráin verður auglýst síðar.

Vinsamlegast takið daginn frá.

Kveðja, Hjónaballsnefnd 2011



Kort af afréttum sveitarfélaga!

Endurútféið hefur verið kort að afréttum Gnúpverja, Flóamanna og
Hrunamanna. Það er til sölu á skrifstofunni í Árnesei og kostar kr. 500.

Oddviti.



Næsta fréttabréf kemur út 15. mars 2011.

Skilafrestur efnis til 10. mars.

Umsjón: Kristjana H. Gestsdóttir frettabref@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Gunnar Örn Marteinnsson, oddviti

Skrifstofa Skeiða- og Gnúpverjahrepps er opin

mánudaga-fimmtudaga kl. 9–12 og 13–15.

Sími 486-6014 Fax 486-6091

Sími í Áhaldahúsi 893-4426 (Ari) Veffang: www.skeidgnup.is

Tek að mér gerð:

Jarðafarakransa, Krossa, Kistuskreytinga.
Handskrifaðir borðar með krönsum og krossum sé þess óskað.
Allt skreytingarefni úr sveitinni
Sýnishorn eru inn á Facebook síðunni
Grænna land ehf.

Erla Björg Arnardóttir. Garðyrkjufræðingur
Flúðum Sími: 858-3399
graennaland@simnet.is



Fótboltaæfingar öll þriðjudagskvöld kl. 20:00 á sparkvellinum í Árnesi.



Fyrir oldboys & girls ☺ ☺

Æfingarnar eru á vegum UMFG og UMFS

JIBBBBBÍÍÍ☺



Síðasta spilakvöldið verður

18. febrúar - kl. 20:00

Mætum vel og höfum það gaman saman.

Kær spilakveðja

Spilanefnd ☺

Lestrarfélag Skeiða– og Gnúpverjahrepps Brautarholti

Opið fimmtudaga kl. 20—22

Sett hefur verið lúga sem hægt er að skila bókum allan sólarhringinn.

bokasafn@skeidgnup.is S: 486-5505

Nefndin.

Hrunaspjall

Fregnir, fræðsla og tilkynningar úr Hrunaprestakalli.

Ólafsvalla-, Hrepphóla-, Hruna- og Stóra-Núps sóknum.

Áfram siglir tíminn í sínum fasta takti. Nokkuð liðið á nýtt ár og núna loksins ofurlítið veðurfar sem minnir á vetur. Kirkjustarfið að mestu í föstum skorðum. Reglubundnar æfingar hjá kirkjukórum. Góðlátlegt grín gert að prestum á mannfögnuðum, í mínum huga jákvæður vottur þess að kirkjan og það sem hún stendur fyrir er þrátt fyrir allt hluti af samfélagsmyndinni. Samt verð ég að segja að nú í vetur finnst mér sem messusókn hafi verið með dapprara móti, vera má að neikvæð umræða um málefni kirkju og kristni hafi þar eitthvað að segja.

Því miður finnst mér óþarflega algengt að menn tali um messuferðir sem eins konar samfélagsskyldu, jafnvel kvöð. Vissulega er þar margt í föstum skorðum og kannski fátt sem kemur á óvart. Sem sambærilegt dæmi má til dæmis benda á að við horfum flest á sennilega nokkra tugi Hollywood mynda á hverju ári sem flestar hverjar eru nánast frá upphafi fyrirsjáanlegar í atburðarás og með sinn ófrávikjanlega happy ending í lokin.

En oft skemmtum við okkur samt alveg ágætlega.

Messan með sínum sálmasöng og tónlist, með lestrum og bænum og hugvekjum má vel teljast hafa það hlutverk að vera eins konar sjálfstyrking. Að minna á það góða sem stefna ber að en samt enn frekar að vekja með einstaklingnum traust og styrk og kjark til að takast á við líf sitt með hjálp trúarinnar. Vekja með honum þá vitund að hann er aldrei einn á ferð. Veita um leið leiðsögn að innihaldsríku lífi. Hugmyndin er sú að senda hvern þann sem gengur inn til guðsþjónustu, sterkari til baka.

Helgihaldið framundan

Barnastarfið er nú byrjað aftur í Hrepphólakirkju fyrir allt prestakallið.

Verður á **laugardögum kl. 11:00** nú í febrúar og mars.

Messa í Skálholti á konudaginn 20. febrúar kl. 14

Í fyrra kom sú hugmynd upp hjá **Uppsveitasysturum** hinum stórskemmtilega kvennakór sem skipaður er að miklu leyti félagskonum af því svæði sem fellur undir Hrunaprestakall, að setja sig í hlutverk kirkjukórs og syngja eina messu. Niðurstaðan varð samt sú að fara út fyrir svæðið og fá að syngja messu fyrir prestakallið í dómkirkjunni í Skálholti. Þetta varð einstaklega vel heppnuð og vel sótt stund. Og því er það að nú langar okkur til að endurtaka þennan leik með góðfúslegu leyfi sóknarprestsins í Skálholti og þetta verður því messan fyrir Hrunaprestakall þennan sunnudag.

6. mars æskulýðsdagurinn. Þá verður fjörug fjölskyldumessa í **Hrunakirkju kl. 11**

Og svo **kl. 14 sama dag messa í Ólafsvallakirkju.**

Eins og glöggir hafa kannski séð þá er eftir föngum reynt að sigla með helgihaldið framhjá helstu samkomum sveitanna þorrablotum og hjónaböllum.

Ekki fleira að sinni.

Í guðs friði, Eiríkur Jóhannsson.

Til prjónanna minna!

Ef inni ég þarf ekki öðru að sinna með ánægju gríp ég til prjónanna minna þeir eru mér vinir, eins góðir og hinir.


Úr ullinni hlýju við erum að hanna ýmislegt fallett sem ylja mun svanna. Svo röðum við litum og ræðum margt saman, það er rólegt og gaman.

Já, prjónarnir mínir þeir stytta mér stundir ég syng, þeir leika undir. Ef syrtir í álinn særð yrði sálin og sorgartár hrykkju ég fitja upp lykkju.

Það er enginn einn sem á prjóna og getur prjónað. Með prjónakveðju frá Böggum í Steinsholti.

Guðbjörg Eiríksdóttir í Steinsholti hefur um dagana stýrt prjónunum sínum í gegnum mörg falleg sjöl, trefla, dúka, peysur og annað prjónles og hún prjónar enn þó tugir ára hennar séu orðnir rúmlega nú! Þessar skemmtilegu vísur um prjónana sína gerði hún og við fáum nú notið.

Kærar þakkir fyrir það Bagga. kg



Þjóðbúningakvöld fyrir ALLA í Árnesi 8. apríl. kl.20:30 Ágætu sveitungar, aðrir í uppsveitum og á Suðurlandi..

Við leggjum áherslu á að þetta kvöld verði fyrir **alla**, ekki bara þá sem eiga þjóðbúninga. Samt væri gaman að sjá sem flesta í íslenskum þjóðbúningi og ekki síður frá öðrum löndum. Þá ættu þeir sem hafa áhuga á gömlu dönsunum og þjóddönsum að skella sér því þeir munu verða dansaðir. En umfram allt, kvöldið verður fyrir þá sem vilja gleðjast og hugsa til ættjarðar sinnar. Ef einhver er með hugmynd um eitthvað skemmtilegt sem hægt væri að framkvæma þarna hafið þá samband á netf. hraunteigur@hraunteigur.is eða í gsm 863 9518. Samkoman betur auglýst í næsta Fréttabréfi.



Skemmtinefnd Kvenf. Gnúpverja.
Sigrún í Haga og Kidda, Hraunteigi.

Fundarboð 2011

Aðalfundur Hitaveitufélags Gnúpverja ehf verður haldinn í Árnesi fimmtudaginn 24. febrúar 2011

Kl. 14:00 (gengið inn skrifstofumegin).

Fundarefni:

Venjuleg aðalfundarstörf.

Bjarni Jónsson endurskoðandi mætir á fundinn.

Önnur mál.

Stjórn Hitaveitufélags Gnúpverja ehf.

Hestamannafélagið Smári!

Góður og vel sóttur aðalfundur var haldinn 3. feb. s.l.

Guðmann Unnsteinsson gekk úr stjórn og Aðalsteinn Aðalsteins.
var kosinn í hans stað. Meðf. er stjórn og nefndarskipanir 2011.



Guðni Árnason, formaður
Ingvar Hjálmarsson, ritari
Bára Másdóttir, gjaldkeri
Aðalsteinn Aðalsteinsson
Cora Claas

brunir@simnet.is 856-1136
hjalmarhja@simnet.is 891-9597
snjall@hotmail.com /smari@smari.is 866-6507
allimal@simnet.is 868-6576
jovanna@gmx.de 844-6967

Mótanefnd

Unnar Steinn Guðmundsson, Reykhól 2
Hulda H Stefánsdóttir, Hrepphólum
Sigurður H Jónsson, Skollagróf
Haukur M Hilmarsson, Syðra Langholti
Sara Berg, Hlemmiskeiði 3

Æskulýðsnefnd

Kolbrún Haraldsdóttir, Flúðum
Einar L Sigurgeirsson, Miðfelli
Maja Roldsgard, Flúðum
Vigdís Furuseth, Syðra Langholti
Leifur Stefánsson, Brautarholti 24

Fjáröflunarnefnd

Bára Sævaldsdóttir, Flúðum
Auður Kolbeins, Flúðum
Styrmir Þorsteinsson, Unnarsholti
Ragnheiður Ósk Guðmundsdóttir, Langholtskoti
Gunnar Jónsson, Skeiðháholti

Útreiðanefnd

Grímur Guðmundsson, Ásatúni
Unnsteinn Hermannasson Langholtskoti

Vallarstjóri

Hjálmar Gunnarsson, Flúðum

Með kveðju.
Stjórnin.

Uppsveitakortið!

Nú stendur yfir árleg leiðrétting og endurútgáfa á Uppsveitakortinu. Ef þið hafið athugasemdir, viðbætur eða leiðréttingar á kort eða þjónustulista vinsamlegast hafið samband sem fyrst.

Ferðamálafulltrúi sími 486 8810 og 898 1957 asborg@ismennt.is

Uppsveitakortið er m.a. aðgengilegt á www.sveitir.is undir liðnum kort.

Bestu kveðjur. Ásborg ferðamálafltrúi.

Námskeið haldið á vegum kvenfélaganna í

Skeiða – og Gnúpverjahreppi.

ALLAR PRJÓNAKONUR VELKOMNAR ☺

Lærðu að prjóna peysur með því að byrja á hálsmálinu og prjóna niður ávið. Fleiri og fleiri prjónarar eru að uppgötva þessa frábæru aðferð sem er að margra mati bæði auðveldari og snjallari leið til að prjóna alls konar peysur. Kostirnir við þessa aðferð eru m.a. þeir að hægt er að máta peysuna hvenær sem er í ferlinu og auðveldara er að stýra ýmsum atriðum sem varða mótun peysunnar s.s. mitti, snið og sídd án þess að þurfa að ákveða allt fyrir fram.

Á námskeiðinu læra þátttakendur að prjóna pínulitla peysu sem byrjar á hálsmálinu en inniheldur alla sömu tækni og aðferðir sem má nota til að prjóna peysu í hvaða stærð sem er. Í leiðinni eru kennd ýmis tækniatriði og prjónatrikk sem nýtast í ýmsum prjónaverkefnum.

Sérstaklega verður fjallað um hvernig snúa má lopapeysuuppskriftum á hvolf og prjóna hvaða lopapeysu sem er að ofan.

Leiðbeinandi er Ragnheiður Eiríksdóttir höfundur kennsludiskanna Prjónum saman og Lærðu að prjóna lopapeysu, www.knittingiceland.is og ragga@knittingiceland.is

Innifalið: skriflegar leiðbeiningar og garn í litla prufupeysu.

Takið með: hringprjón nr. 3 eða 4 Verð: 5.500,- kr

Námskeiðið verður haldið á bókasafninu í Brautarholti
laugardaginn 19 feb. kl 10.00-14.00 .

Snarl í boði kvenfélaganna.

Endilega notið þetta tækifæri og skráið ykkur á frábært námskeið.

ATH SÍÐASTI SKRÁNINGARDAGUR ER FIMMTUDAGURINN 17 FEB.

Námskeiðsnefndir:

Milla S:486-5574 og 691-2453 - Harpa Dís:486-5562 og 899-9653

Sigrún Fossnesi :486-6079



12. fundur haldinn í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þriðjudaginn 01. febrúar 2011 í Árnesi kl. 13:00.

Mætt: Gunnar Örn Marteinnsson, Jón Vilmundarson, Harpa Dís Harðardóttir, Oddur Guðni Bjarnason og Björgvin Skafti Bjarnason.

Kristjana H. Gestsdóttir ritaði fundargerð.

Gunnar setti fund og athugaði hvort athugasemdir væru við fundarboð en svo reyndist ekki vera.

1. Farið yfir umsóknir sem borist hafa í veitingarekstur í Árnesi.
Ákveðið að fela oddvita að ganga til samninga á grundvelli umræðna.
2. Þriggja ára fjárhagsáætlun 2012-2014 - síðari umræða.
Sveitarstjórn samþykkir þriggja ára fjárhagsáætlun 2012–2014.
3. Tillaga að samþykkt um fráveitur í Skeiða-og Gnúpverjahreppi. Tillagan samþykkt.
4. Fundargerð atvinnu, fjarskipta og samgöngunefndar, 4. fundur haldinn 13.01.2011.
Fundargerð samþykkt. Vegna skiptiplans á Sandlækjarholti er oddvita falið að leita ásættanlegrar lausnar varðandi rútuskipti fjölbrautarskólanema.
5. Fundargerð fræðslunefndar Flúðaskóla, fundur haldinn 26.01.2011.
Fundargerð samþykkt.
6. Fundargerð skipulags-og byggingarnefndar 31. fundur haldinn 21.01.2011, jafnframt lögð fram fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa 58. fundur haldinn 12.01.2011. Fundargerð staðfest.
Mál nr. 1. Stöðuleyfi masturs í Þjórásárdal vestan Fossár, lagt fyrir 31. fund skipulags- og byggingarnefndar.
Stöðuleyfi veitt í 1 ár í samræmi við erindi Landsvirkjunar þar um.
7. Fundargerð oddvitanefndar með félagsþjónustu, fundur haldinn 18.01.2011.
Fundargerð lögð fram.
8. Fundargerð félagsmálanefndar 133. fundur haldinn 05.01.2011.
Fundargerð staðfest, jafnframt eru breytingar á reglum um félagslega heimaþjónustu í uppsveitum Árnessýslu og Flóa samþykktar.
9. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Suðurlands 131. fundur haldinn 14.01.2011.
Fundargerð lögð fram.
10. Fundargerð stjórnar SASS 440. fundur haldinn 14.01.2011.
Fundargerð lögð fram.
11. Erindi frá ráðherra velferðarmála varðandi lágmarksbætur til þeirra sem treysta á framfærslu sveitarfélaganna. Erindið lagt fram og ákveðið að bíða viðbragða Sambands íslenskra sveitarfélaga.
12. Tillaga að gjaldskrá fyrir leyfisveitingar og þjónustu skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa. Gjaldskrá samþykkt.

13. Erindi frá Innanríkisráðuneyti vegna lóðar nr. 6 á Flötum, jafnframt lagt fram svar lögmanns sveitarfélagsins vegna málsins. Lagt fram.
14. Kynnt staða lánamála hjá sveitarfélaginu.
15. Til umsagnar: Frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum nr. 123/2010. Þskj. 122 - 113 mál. Sveitarstjórn sér ekki ástæðu til þess að gera breytingar á ný samþykktum skipulagslögum og telur eðlilegra að reynsla komist á framkvæmd laganna áður en breytingar séu framkvæmdar á þeim.
16. Tekið til afgreiðslu áður kynnt erindi um hugsanleg kaup sveitarfélagsins á hlutafé í Límtré/Vírnet ehf. að kr. 500.- þúsund. Erindinu hafnað með fjórum atkvæðum gegn atkvæði Odds G. Bjarnasonar.

Mál til kynningar.

- Erindi frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti vegna breytinga á skipan ráðuneyta.
 - Erindi frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti vegna framkvæmdar æskulýðsrannsóknanna, *Ungt fólk*.
- Fleira ekki. Fundi slitið kl. 16:20

Deildafundur Sláturfélags Suðurlands.

Sameiginlegur deildafundur SS hjá Skeiða, Gnúpverja og Hruna-
mannadeildum verður haldinn á Flúðum miðvikudagskvöldið 23
febrúar kl 21:00.

Gert er ráð fyrir því að ásamt forstjóra félagsins mæti Einar Hjálmarsson stöðvarstjóri sláturhússins á Selfossi, Bergur Pálsson sölumaður áburðar og fóðurs og Hallfreður Vilhjálmsson stjórnarformaður. Hvetjum alla til að mæta og ræða málefni Sláturfélags Suðurlands.

**Hörður Harðarson gefur ekki kost á sér til endurkjörs í
starf deildarstjóra Gnúpverjadeildar.**

Deildastjórar.

www.skeidgnup.is

Munið eftir aðalfundi UMF Skeiðmanna!

Hann veður haldinn miðvikudaginn 23. febrúar

kl. 20:30 í Brautarholti

eins og auglýst var í dreifibréfi

Venjuleg aðalfundarstörf.

Mætum vel og styðjum starfið!

Með góðri kveðju.

Stjórnin.



Námskeið í vattarsaum!

Vattarsaumur er næstur á dagskrá hjá Víkingahópnum "Undan öskunni" og verður öllum opinn sem vilja læra.

Námskeiðið verður haldið laugardaginn **19. mars** hjá Reyni Katrínarsyni í Görðum. Fyrirhugað er að koma við í Víkingaheimum í Njarðvík, en sjálft námskeiði tekur um það bil 3 klst.

Skráning er hjá Hildi Hákonardóttur í síma 849 8467 eða í tölvupósti

hildurhak@simnet.is

Námskeiðið verður greitt af styrk sem Menningarráð Suðurlands hefur veitt til hönnunar.

Bókanir Árnes!

Kristín (Stína kokkur) **486-6049** og Ari Einarsson **8934426**

sjá um fyrir Árnes, ef fólk vill leigja sali og/eða annað.

Bókanir Brautarholt

Steinunn Ágústa Einarsdóttir

sér um bókanirnar fyrir Brautarholt .

S. 848-1474.

Félagsmiðstöðin ZERO

Ungmennaskipti (16-20 ára) Umsóknarfrestur: 1. mars

Kynningarfundur: föstudagurinn 18. febrúar, kl. 16:00 í félagsmiðstöðinni.

23. mars - 1. apríl fara fram ungmennaskipti í umsýsningu Zero þar sem 10-12 manna hópar ungmenna frá Eistland, Englandi og Íslandi munu kynna sér og ræða nýsköpun og frumkvæðisverkefni. Grunnvallarspurningin sem unnið er útfrá er, "Hvernig samfélagi vil ég taka þátt í að skapa í heimabyggð svo ég geti og vilji búa þar í framtíðinni?". Þátttakendur sem taka fullan þátt í verkefninu hér heima fá styrk fyrir fæði, upphaldi og 70% af ferðakostnaði í ungmennaskiptum í Eistlandi (2011) og Englandi (2012) þar sem haldið verður áfram að vinna með sama þema auk þess að kafað verður ofan í mikilvægi sjálfbioðastarfs þegar hópurinn hittist í Englandi.

Við leitum nú að 12 þátttakendum á aldrinum 16-20 ára (fæddir á árunum 1991-1995) til að taka þátt í þessu spennandi og þroskandi verkefni. Þátttakendur munu efla enskukunnáttu sína og læra að vinna í alþjóðlegu umhverfi. Milli þess sem unnið er með aðalþema verkefnisins verður einnig farið í vefangs- og skemmtiferðir, haldnar kvöld-vökur og fleira hressandi.

Þátttakendur bera engan kostnað af verkefninu núna í mars og aðeins 30% ferða-kostnaðar vegna næstu tveggja.

Láttu þetta tækifæri ekki fram hjá þér fara, kíktu á kynningarfund 18. febrúar og smelltu inn umsókn fyrir 1. mars.

Umsóknareyðublað má nálgast á zero.fludir.is og hjá forstöðumanni.

Hafið samband fyrir nánari upplýsingar!

Kaffihúsakvöld

fjáröflun vegna Samfésferðar

Við ætlum að standa fyrir kaffihúsakvöldum í lok mánaðarins þar sem boðið verður uppá skemmtiatriði og léttar veitingar. Tilefnið er að við stefnum á að taka þátt í Samfeshátíðinni sem fer fram í Laugardalshöllinni fyrstu helgina í mars.

Samfeshátíðin saman stendur af úrslitum söngkeppni Samfés og tónleikum þar sem unglingahljómsveitir úr félagsmiðstöðvunum spila ásamt nokkrum af þekktustu flytjendum landsins. Samfeshátíðin er nokkurskonar árshátíð félagsmiðstöðvanna þar sem unglingar skemmta hvert öðru og félagsmiðstöðvarnar sína afrakstur af tónlistar- og dansstarfi sínu.

Eins og áður segir ætlum við að standa fyrir tveimur kaffihúsakvöldum og vonum að fólk fjölmenni, skemmti sér með okkur og veiti okkur stuðning í leiðinni.

Bæði kvöldin byrja kl. 20:00 og mun sama dagskráin rúlla þangað til kl. 22:00.


Mánudagskvöldið 21. mars – Félagsheimilinu Brautarholti

Mánudagskvöldið 28. mars – Félagsheimili Hrunamanna

Á bak við eldavélina!

Það er mjög mikill vandi að steikja roastbeef rétt!

Setjið meðalstóran nautavöðva, án fitu í sjóðandi vatn, án salts, og látið sjóða í 18 mínútur, nákvæmlega. Vöðvinn tekinn upp úr og allar hliðar brúnaðar á heitri pönnu, breiðið út álpappír á borð og setjið kjötið á pappírinn og kryddið vel með salti, pipar og grillkryddi. Vefjið steikina vel inn í pappírinn og látið standa í hálf tíma.



Með þessu er gott að hafa kartöflusalat.



Skerið kaldar, soðnar, kartöflur í sneiðar og blandið með létt majonaise, smá súrmjólk, graslauk og kryddið með gulum aromat.

Góð uppskrift af þorsklaki.

Blandið karry, sítrónupipar og hveiti í skál.

Hrærið saman nokkur egg í aðra skál.

Veltið fiskinum upp úr hveitiblöndunni, síðan eggjunum og steikið síðan á pönnu með smjöri og smá olíu, þá brennur smjörið ekki.

Ég skora á Gunnar oddvita sem er snilldarkokkur að koma með næstu uppskrift.

Kærar þakkir Bjarni.

Sendi bestu kveðjur til sveitunga minna.

Bergleif.



Upplit menningarklasi Uppsveita Árnessýslu.

Ný heimasíða, kíkið á

www.upplit.is

*Allir velkomnir í Upplit og
allar hugmyndir vel þegnar.*



Barnamorgnar á laugardögum halda áfram í Árnesi

á milli 10—12 fyrir börn á aldrinum 0—6 ára.

Boðið upp á kaffi fyrir foreldra og vatn fyrir börnin.

Bara koma. Allir velkomnir.



UMFG

Aðalfundur Landbótafélags Gnúpverja
haldinn í sal Þjórsárskóla, 22. febrúar kl. 20:30
Venjuleg aðalfundarstörf.
Nýir félagar ávallt velkomnir.
Stjórnin.



Flúðaleið ehf



Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum og

Kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga.

sími: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

*Með kveðju
Starfsfólk Flúðaleiðar*

Frjálsíþróttæfingar
í Brautarholti á mánudögum!

5.-7. bekkur kl. 15-16 og 8.-10. bekkur kl. 16-17

Rúnar Hjálmarsson þjálfar

umfSkeið og umfGnúp

Velkomin í verslun okkar á Flúðum

Verð og úrval sem kemur á óvart

Alhliða byggingavöruverslun með áherslu á gæðavörur, góða þjónustu og lágt verð fyrir alla.

Opið virka daga kl. 9 - 18 • Laugardaga kl. 10 - 14

Bílavörur

- Smurolíur
- Frostlögur
- Hreinlætisvörur
- Perur
- Öryggi og þurrkublöð



Þrjónavörur

- Lopi, margir litir
- Þrjónar, ýmsar stærðir
- Peysur, margir litir
- Húfur
- Vettlingar



Fyrir hestamanninn • Beisli • Múlar • Skeifur • Burstar • Klóður

Ahöld og tæki

- Ryksugur
- Jarðvegsþjöppur
- Flísa- og steinsagir
- Rafstöðvar
- Gott úrval áhalda f. fagmenn



Málningardeild

- Inni- og útimálning
- Lökk
- Sparti
- Viðarvörn
- Málningaráhöld



Gólfefnadeild

- Flísar
- Náttúrusteinn
- Parket / Plastparket
- Flísa- og parketlím
- Undirlag



Múrdeild

- Utan- og utanhúss
- Múrboltar
- Byggingarvinklar
- Þansteypa og teinalím
- Undirlag



Hreinlætistækideild

- Hreinlætistæki
- Blöndunartæki
- Sturtuklefar
- Innréttingar
- Handlaugar



Festingavörur

- Skrúfur og boltar
- Múrboltar
- Byggingarvinklar
- Þansteypa & teinalím
- Undirlag



Heimilisvörur

- Straujárn
- Matvinnsluvélar
- Glös og bollar
- Handryksugur
- Hrærivélar



MÚRBÚÐIN

– Afslátt eða gott verð?

Smiðjustíg 6a • 845 Flúðum
Sími 486 1866 • vondull@simnet.is

Er um að taka upp nýjar vörur þar á meðal.....

Rafhliður fyrir jógurklippur 35W - BLAÐ 1,8MM Í HEINIGER KLIPPUR – Blautklútafötu - Blautklútar 3x 600 stk – Boltabyssa – Burðarhjálpartæki - Burðarslím - **Einnota plasthanskar langir** - EINNOTAHANSKAR NITRIL ÓPÚÐRAÐIR - EINNOTAHANSKAR VINIL LARGE 100 STK - Einnotahanskar Vinil XL 100 stk - Gliðsahaft – **Gólfefnaloftrúlla** - Gólfefnarúlla án handfangas - Gólfefnaspaði 280x130 mm - **GÓLFÞVARA BLÁ 40CM** - Gólfþvara blá 70cm - **GÓLFÞVÖRU SKIPTIGÚMMÍ 40CM** - Gólfþvöru skiptigúmmí 70cm - Gólfþvöruskraft 150cm - **Gripamerkisprey Blátt** - Gripamerkisprey Grænt - **Gripamerkisprey Rautt** - **Gúmmíhanskar** - **Gúmmivettlinga Pvc 35 cm** - Haft. Keðja - Handfang fyrir gólfefnarúllu - **Hitamælir gripa** - **Hitamælir gripa Digital** - HITAMÆLIR HÁMARKS LÁGMARKS – Hófbítur – Hófhnífabrýni - HÓFHNÍFUR HÆGRI - Hófhnífur vinstri - **Inngjafarbyssa 300ml.** – Jógurklippur - Jógurklútar 45x17 cm 10 stk - JÚGURPAPPÍRSPURKUR BOX 2 LAGA 6 RÚLLUR - Jógurpappír 2 laga 2 rúllur – Kalk orkuskot við burð - **Kambar fyrir kúaklippur** - KAMBAR Í KÚAKLIPPUR STANDARD – **Kúalyfta** - Kálfataxi – **Kálfatúttuflaska** - **Klaufskurðarskífa demants** - ~~Klaufskurðarskífa stein~~ - Klórtöflur 300stk. - ~~Lúaklippur rafhliður~~ – **Lambasnara** - **Merkilítur Blár** - Merkilitur Fjölublár - Merkilitur Grænn – Merkilitur Gulur - Merkilitur Orange - Merkilitur **Rauður** - **Merkilitur Svartur** - Músabeitarstöð heavy duty - **Músabeitarstöð minni** – Músargildra - **Naglbýtur girðinga** – NASATÖNG - Nylon hanskar nr. 10 - Púðurskot í Naglabyssu Græn - **Púðurshot í Naglabyssu Gul** - **Púðurshot í Naglabyssu Raud** - Samfestingur barna 116 - Samfestingur barna 128 - **Samfestingur blár 54** - SLEIPIEFNI 1 LÍTER - **Sogvörn. large** - Sogvörn. Medium - Sogvörn. Small - Sokkar, svartir, stærð 39-42 - **Sokkar, svartir, stærð 43-46** - Sokkar ,svartir, stærð 47-50 – **Sparkvörn** - Sprautur, skammta Ferro matic - **Sprautunálar 1,6x30mm 10 stk** - **Sprautunálar 1,6x35mm 10 stk** - **Stígvél Dunlop 45** – **Stuðtaki** - **Súrhoðavörn** - T-bolir - **Tökumúlar leður með keðju** - Ullarklippur – VESTISJAKKI - VIGT 100KG 500GR NÁKVÆMNI - **Vigt 25kg 100gr nákvæmni** - **Vigt 50kg 200 gr. Nákvæmni** - Vinnuvetlingar Leður - ÖKKLABÖND BLÁ – ÖKKlabönd Græn - ÖKKlabönd Gul - **ÖKKlabönd Orange** - ÖKKlabönd **Rauð og margt margt fleira.**

Minnum á steinefnalínuna frá Josera

Landbúnaðarverslun

480 5600
landstolpi.is



Skíðaferð Þjórsárskóla í Bláfjöll



Jónas á fullri ferð!



Einar Ágúst kominn af stað og Siggí næstur í brettakennslu.



Matthías, Arnþór og Gummi klárir í brekkuna!